

Umsögn um: Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga Þskj. 130 – 121. mál

Umsagnaraðili fagnar tilkomu laga um grunngerð landupplýsinga, viðhald þeirra og miðlun. Þær athugasemdir sem koma hér fram lúta að mestu leyti að skilgreiningum á gildissviði og stjórnvöldum og stöðu Íslenskra orkurannsókna, B-hluta ríkisstofnunar, gagnvart þeim.

2.gr. Gildissvið

Koma þarf skýrar fram að hér er átt er við gögn sem afað hefur verið fyrir opinbert fé. Í frumvarpinu kemur fram í 2. grein að lögin taki til stafrænna landupplýsinga á vegum stjórnvalda og að reglugerð ráðherra kveði nánar um þá þætti stafrænna landupplýsinga sem lögin taka til. Talið er að heimildir til að kalla eftir gögnum séu of víðtækar og gætu falið í sér að ríkisfyrirtæki eins og ÍSOR verði skylt að afhenda gögn sem eru í eigu verkkaupa og ÍSOR beinlínis óheimilt að afhenda samkvæmt samningum. Þetta gæti skaðað samkeppnisstöðu ÍSOR.

Þá má nefna að stjórnvöld í skilningi þessara laga gætu haft til varðveislu landupplýsingar sem eru bundin trúnaði við aðra aðila og því beinlínis óheimilt að birta. Þetta gæti t.d. átt við um gögn tengd hafsbotnsrannsóknum.

Í athugasemdum II, 2. málsgrein kemur fram: „Markmið INSPIRE-tilskipunarinnar er að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar...“.

Til að leysa þennan vanda er lagt til að 2. grein verði:

„Lög þessi taka til opinberra stafrænna landupplýsinga sem varða íslenskt land...“

3.gr. Skilgreiningar

2. töluliður. Landupplýsingar

Sú skilgreining á landupplýsingum sem sett er fram í frumvarpinu ófullnægjandi þar sem einungis er átt við gögn tengd yfirborðið jarðar. Ýmsar landupplýsingar vísa til staða neðan yfirborðs jarðar s.s í borholum og á hafsbotni.

Skilgreina má landupplýsingar sem: „Allar upplýsingar sem tengja má við stað, hvort heldur sem er með hnitum eða óbeinu staðsetningarkerfi“.

5. töluliður. Samhæfni

Samhæfni er skilgreint sem hæfni tveggja eða fleiri kerfa eða gagnasafna til samtengdrar vinnslu. Það er einungis á einum öðrum stað minnst á samhæfni (5. grein, 4. töluliður) þar sem talað er um vörpunarþjónustur. Samhæfni (e. interoperability) snýst um að aðilar með mismunandi búnað geti lesið gögn hver frá öðrum. Þá skiptir samhæfing gagnasafna á staðlaðan hátt meira máli en varpanir milli hnitakerfa sem eru vel þekkt vísindi.

6. töluliður. Vefþjónusta.

Skilgreining er of sértæk, þar sem vefþjónusta getur tekið til annarra gagna en landupplýsinga og landupplýsingavefþjónustur geta verið mismunandi. Open Geospatial Consortium hefur útbúið staðla um vefþjónustur sértækar fyrir landupplýsingar.


11.gr. Gjaldtaka

Ekki kemur fram hvernig eða hvort gjald sem innheimt er skiptist milli þeirra sem reka vefþjónustu og þeirra sem leggja til gögnin, en hvort tveggja hefur kostnað í för með sér.

Kostnaður

Eins og fram kemur í álitni fjármálaráðuneytis er reiknað „með að kostnaðaráhrif frumvarpsins nái til um 30 stofnana hinna ýmsu ráðuneyta, auk sveitarfélaga. Áætlað er að yfirleitt verði um tiltölulega lítinn viðbótarkostnað að ræða hjá hverri stofnun...“ Vert er að vekja athygli á því að þarna er verið að innleiða kostnaðaraukandi kvaðir á fjölda ríkisstofnana án þess að fjárveitingar komi á móti. Þetta gerist á tímum þegar verið er að skera niður fjárveitingar víðast hvar á sömu stofnunum. Það mun óhjákvæmilega leiða til þess að stofnanir eigi erfiðara með að halda sig innan ramma fjárlaga, jafnvel þótt fjármálaráðuneytið telji að eitthvert hagræði muni einhvern tíma í framtíðinni koma á móti. Undirritaður telur afar óheppileg að leggja kostnaðraukandi kvaðir á opinberar stofnanir án þess að gera ráð fyrir því að þær leiða af sér kostnað sem einhver verður að bera.

Virðingarfyllst



Ólafur G. Flóvenz

forstjóri